

## Kennsluáætlun 1. önn hestamennsku haust 2018.

**Kennari Sissel Tveten.**

### **HEST1GR05 – Hestamennska bóklegt I – Grunnur í hestamennsku**

**Lýsing:** Meginviðfangsefni áfangans er að kenna undirstöðuatriði í hestamennsku. Helstu ásetur og ábendingar, líkamsbeitingu og taumhald. Grunnþætti í atferli, eðli og hegðun, skapi, skynjun og skynfærum hesta. Farið er í reglur varðandi hestahald, öryggisatriði og hvernig á að undirbúa hest fyrir reið og skilja rétt við hest og búnað að reiðtíma loknum. Þar að auki eru kynnt fyrir nemendum helstu reiðtygi, notkun þeirra og umhirða. Reglur og reiðleiðir á reiðvellingum. Gangtegundir íslenska hestsins, líkama og virkni hans. Grunn vinnubrögð í hringteymingum og að teyma hest við hlið.

**Forkröfur:** Engar

**Þekkingarviðmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- mikilvægi réttrar líkamsbeitingar.
  - nauðsyn þess að knapi sé í góðri þjálfun og andlegu jafnvægi.
  - helstu reiðtygjum, notkun þeirra og umhirðu.
  - grunnþáttum í atferli, eðli og hegðun, skapi, skynjun og skynfærum hesta.
  - ásetum og ábendingum við stjórn hests.
  - réttu taumhaldi.
  - gangtegundum íslenska hestsins, grunnþáttum, skilgreiningum, hreyfistigum og aðgreiningu.
  - helstu reglum og reiðleiðum á reiðvellingum.
  - hvernig skal undirbúa hest rétt fyrir reið.
  - hvernig skilja skuli rétt við hest og búnað að reiðtíma loknum.
  - reglum varðandi hestahald.
  - helstu öryggisatriðum er lúta að hestahaldi og búnaði fyrir hest og knapa.
  - líkama hestsins og virkni hans.
  - hringteymingum og að teyma hest.
- 

**Leikniviðmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- tjá sig í ræðu og riti um grunnatriði fagsins.
-

## Hæfniviðmið:

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- taka þátt í almennum umræðum um fagið.
  - fylgja leiðbeinandi reglum um öryggismál á vinnustað.
  - vera meðvitaður um eigin stöðu og færni í hestamennsku.
  - hafa skilning á atferli og hegðun hestsins og geta brugðist við á viðeigandi hátt.
  - Geta tjáð sig í ræðu og riti um grunnatriði fagsins.
- 

## Námsmat:

Námsmat er fjölbreytt og felst meðal annars í ritgerðum og ýmsum verkefnum, prófum, jafningjamati og sjálfsmati.

**Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.**

### áugúst

21.-24. Kynning á kennara, nemendum kennsluáætlun og markmið annarinnar.

27.-31. Samband manns og hests. Atferlisfræði.

### september

3.-7. Reiðleiðir og reglur á reiðvellingum. – Atferlisfræði eðli og hegðun hestsins. Monty Roberts, join up, advance and retreat.

10.-14. Atferlisfræði, vídeó af Monty Roberts og Clinton Andersson skoðuð og skrifað greinagerð.

17.-21. Að riða hest í jafnvægi, jafn hraði, half halt.

24.-28. Hvar á hnakkurinn að vera og hvernig get ég séð hvort að hnakkurinn passar á hestinum? Byggingalag og ólík bók á hestum skoðuð. Lengd og lögun méla skoðuð. Farið dýpra í að skoða reiðtygi, heimsókn í Baldvín og Þorvald.

### Október

1.-5. Farið yfir ásetur, taumhald og taumsamband.

8.-12 Ásetur verkefnavinna

15.-17. . Byggingalag hests, æskileg og óæskileg reiðhestsbygging.

### **HAUSTFRÍ 18-21**

22.-26. Gangtegundir Íslenska hestsins.

### **Októb er-nóvember**

29.-2 Fet

### **November**

5.-9. brokk

12.-16. stökk.

19.-23. Tölt.

26.-30. Skeið

### **Desember**

3.-7. upprifjun

10.-14. Prófavíka